

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 15. ágúst 2019
2019070041/42-0
TB
jgo/tb

Hótel í landi Grímsstaða, Skútustaðahreppi - matsskylda

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 23. júlí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort bygging hótels í landi Grímsstaða, Skútustaðahreppi, skuli háð mati ái umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Eins og kemur fram í gögnum málsins er umrætt hótel þegar risið og komið í fullan rekstur og hefur verið það um nokkurn tíma. Þann 20. september 2016 óskaði Umhverfisstofnun eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna byggingu framangreinds hótels. Erindinu var svarað 29. sama mánaðar en þá var ljóst að hótelið var þegar að mestu risið en sveitarfélagið hafði ekki farið að lögum um vernd Mývatns og Laxár hvað varðar m.a. kynningu á deiliskipulagi. Einnig hafði þá ekki verið farið að lögum um mat á umhverfisáhrifum. Ákvörðun Skipulagsstofnunar um að hótelbyggingin skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum lá fyrir 2. nóvember 2016. Sú ákvörðun var kærð til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og þurfti að taka málið upp aftur samkvæmt úrskurði hennar frá 6. júlí 2017. Það er því fyrst nú meira en tveimur árum síðar sem málið er tekið upp aftur.

Í fyrrgreindri umsögn Náttúrufræðistofnunar, sjá meðfylgjandi bréf, kemur fram að helstu áhyggjur stofnunarinnar vegna byggingu hótelsins varða landslagsáhrif og aukna mengun Mývatns vegna frárennslis frá hótelinu auk óbeinna áhrifa vegna aukins álags á verndarsvæðið vegna ferðamanna.

Verði framkvæmdir við hótelið úrskurðaðar í mat á umhverfisáhrifum mun það tæplega hafa mikil áhrif á landslagsþáttinn nema að hótelið verði rifið fyrst og það endurbyggt eftir þeim óskum sem kunna að koma fram í matinu. Vel hefði mátt taka á helstu landslagsáhrifum í deiliskipulagi, ef rétt hefði verið staðið að málum, t.d. með staðsetningu hótelsins og hæð þess, auk almenns útlits.

Hvað mengunarvarnir varðar vegna frárennslis frá hótelinu á að vera hægt að hreinsa frárennslíð það vel að mengun í Mývatn aukist ekki. Ýtrustu mengunarvörnum er hægt að ná fram með skilyrðum í leyfum viðkomandi yfirvalda en allar forsendar til að krefjast bestu



mengunarvarna eru fyrir hendi enda svæði bæði innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár og á vatnsvendarsvæði þess auk þess sem um er að ræða Ramsar svæði. Náttúrufræðistofnun telur það vera Umhverfistofnunar og viðkomandi heilbrigðiseftirlits að taka afstöðu til þeirra frárennslismælinga sem fylgdu með framangreindu erindi enda það ekki á verksviði Náttúrufræðistofnunar. Náttúrufræðistofnun ítrekar hins vegar að góð hreinsun frá einu hótelíleysir ekki endilega vandann ef heildarálag vegna mengunar á Mývatn eykst stöðugt.

Niðurstaða

Náttúrufræðistofnun telur að mál sem þetta hefði ekki þurft að fara í mat á umhverfisáhrifum ef rétt hefði verð staðið að undirbúningi þess. Strax á fyrstu stigum málsins, með samráði skv. lögum, hefði verið hægt að taka á staðsetningu, umfangi og útliti í deiliskipulagi og auk þess hefði vel mátt setja skilyrði, af hálfu sveitarfélagsins, um að skipulagið tæki aðeins gildi ef „fullkomin“ hreinsun á frárennslí væri tryggð þó aðrir aðilar en sveitarfélagið hefðu séð um leyfisveitingar. Handvömm og klúður þeirra aðila sem komu að þessu máli í upphafi er nú að skila sér í því að eðlileg málsmeðferð þess er að mörgu leiti ómöguleg þar sem hótelid er risið og í fullum rekstri eins og komið hefur fram. Náttúrufræðistofnun telur það ekki þjóna neinum eðlilegum tilgangi að fara með þetta mál í mat á umhverfisáhrifum úr því sem komið er. Aftur á móti verður að sjá til þess að viðeigandi stjórnvöld séu látin tryggja að mengunarvarnir frá hótelinu séu þær bestu sem hægt er að fá og að næringarefnaálag á Mývatn aukist ekki frá því sem var áður en hótelid kom í rekstur. Það er ekki Náttúrufræðistofnunar að sjá til þess að viðkomandi stjórnvöld eða framkvæmdaraðilar séu látin sæta ábyrgð vegna þess að þau fari ekki að lögum. Stofnunin á hins vegar að leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og aðstoða með rannsóknum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúruna. Í þessu tilfelli var réttar málsmeðferðar ekki gætt skv. lögum um vernd Mývatn og Laxár og vel hefði mátt skoða þann möguleika að fjarlægja hótelid og/eða stöðva byggingu þess á fyrri stigum.

Með kveðju



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

Meðf: Bréf Náttúrufræðistofnunar Íslands fiá 29. september 2016.



Umhverfisstofnun,
Svava Pétursdóttir
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 29. september 2016

2016090019/42-8

TB

jgo/tb

Leyfi til að reisa hótel á lóðinni við Flatskalla í landi Grímsstaða í Mývatnssveit, umsögn

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun dags. 20. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Kaupgarða ehf. um leyfi til að reisa hótel á lóðinni við Flatskalla í landi Grímsstaða í samræmi við samþykkt deiliskipulag.

Náttúrufræðistofnun hefur ekki fengið framangreint erindi áður til umsagnar þ.e. sjálfa deiliskipulagstillöguna. Nú liggur fyrir samþykkt deiliskipulag skv. þeim gögnum sem fylgja framangreindu erindi en jafnframt kemur fram að Umhverfisstofnun samþykkti ekki deiliskipulagið fyrir sitt leiti og gerði alvarlegar athugasemdir við stækkan hótelins, miðað við upphaflegu tillögu, sjá umsögn Umhverfisstofnunar um deiliskipulagið dags. 15. október 2015. Umhverfisstofnun lítur svo á að þar sem stofnunin samþykkti ekki deiliskipulagið þá þurfi leyfi stofnunarinnar fyrir framkvæmdum sbr. 2. ml. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 97/2004. Umhverfisstofnun bendir einnig á að tilkynna hefði átt hótelbygginguna til Skipulagsstofnunar skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, sjá viðauka við löginn. Náttúrufræðistofnun tekur undir þessi sjónarmið Umhverfisstofnunar. Hafi deiliskipulagið ekki verið tilkynnt til Skipulagsstofnunar þá hlýtur að eiga að gera það að mati Náttúrufræðistofnunar.

Deiliskipulagið er að hluta innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár en einnig alfarið innan Ramsarsvæðisins og jafnframt innan vatnsverndarsvæðis Mývatns og Laxár. Framkvæmdir við hótelrið og rekstur þess mun án vafa hafa bein og óbein áhrif á verndarsvæðið og þar með Ramsarsvæðið. Helstu beinu áhrifin felast annars vegar í hugsanlegri mengun vegna frárennslis og miklum áhrifum á landslag en einnig jarðmyndanir. Óbeinu áhrifin felast einna helst í auknum ferðamannstraumi þ.e. að fleiri ferðamenn geta dvalið lengur við Mývatn en áður og því aukið álag á svæðið.

Óþarfi er að rekja hér það slæma ástand sem hefur verið í Mývatni og lífriki þess sem líklega má rekja til breytinga á styrk næringarefna í vatninu. Ef hótel verður reist þarf að krefjast þess að það verði engin aukning á næringarefnastyrk í Mývatni. Þegar um er að ræða svæði eins og Mývatn er ekki ásættanlegt að einn rekstraraðili telji sig halda magni tiltekinna efna í frárennslí innan viðmiðunarmarka sbr. reglugerðir. Þ.e. þó efnastyrkur ákveðinna efna í frárennslí eins hótels sé talinn verða innan viðmiðunarmarka þá má vera ljóst að það er ekki



nog ef heildarmagn efna eykst sifellt. Þegar hreinsun á frárennsli er ákveðin þarf því að miða við burðargetu Mývatns en ekki þarfir einstakra fyrirtækja. Uppi eru hugmyndir um fleiri ný hótel eða stækkanir hótel a við Mývatn. Engar rannsóknir eru fyrir hendi sem sýna með óyggjandi hætti hversu mikið viðtakinn Mývatn og lífríki þess getur borið. Ljóst er að móta þarf skýra stefnu um m.a. byggingu hótel a.m.t.t. landslagsmála, mengunar og ágangs ferðamanna, stefnu sem ekki gengur á náttúruverðmæti Mývatns.

Við gerð þessarar umsagnar, þann 27. september, var stofhnunin upplýst um að framkvæmdir við framangreint hótel væru hafnar fyrir löngu þrátt fyrir að leyfi Umhverfisstofnunar lægi ekki fyrir. Náttúrufræðistofnun sér því ekki tilgang í að nota tíma nú í umsögn, umfram það sem þegar hefur komið fram, þar sem málið virðist komið í farveg sem er ekki í samræmi við lög og reglur í landinu. Náttúrufræðistofnun tekur undir sjónarmið Umhverfisstofnunar sem fram koma í framangreindri umsögn hennar um að hótelin geti haft neikvæð áhrif á landslag og aukið mengun.

Með tilvísun í að framkvæmdir við framangreint hótel virðast hafnar án tilskilinna leyfa og að framkvæmdin hafi ekki verið tilkynnt til Skipulagsstofnunar sbr. lög nr. 106/2000 gerir Náttúrufræðistofnun ráð fyrir að Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun grípi til viðeigandi ráðstafana í samræmi við hlutverk stofnananna skv. lögum og málið í heild fari í réttan og eðlilegan farveg; sbr. einnig 2. mgr. 68. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Afrit af þessu bréfi verður sent til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, Skipulagsstofnunar og sveitarstjórnar Skútustaðahrepps.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

Afrit: Sigrún Magnúsdóttir umhverfis- og auðlindaráðherra, Skipulagsstofnun, sveitarstjórn Skútustaðahrepps

